



Greinargerð vegna umsóknar Verkmenntaskóla Austurlands um grænfána



1. Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd var fyrst stofnuð í byrjun haustannar 2016. Í umhverfisnefnd eru tveir nemendur sem koma úr nemendaráði en nýtt nemendaráð er kosið í upphafi hvers skólaárs. Einn kennari er í umhverfisnefnd, einn húsvörður, einn starfmaður ræstiteymis og einn fulltrúi foreldrafélags, kemur úr foreldraráði VA.

Fundir í umhverfisnefnd eru á ca. 2ja vikna fresti á meðan skólastarf er í gangi. Fundir eru ákveðnir fyrirfram með dagskrá fundar. Á fundum er farið er yfir dagskrá funda og önnur mál og fundargerð rituð. Í lok funda er ákveðin tími fyrir næsta fund, verk sem þarf að vinna fram að næsta fundi og dagskrá næsta fundar lögð fram.

Öll mál er varða markmiðin og annað sem viðkemur umhverfisnefndinni er tekið fyrir á fundum. Helstu ákvarðanir eru tengd markmiðum verkefnisins þ.e. að ákveða framkvæmd markmiða og fylgja því eftir hvernig gengur (sjá fylgiskjal 1, fundargerðir).

2. Umhverfismat

Í upphafi var aðaláherslan á því að byrja að flokka rusl í skólanum. Var það ákall m.a. frá nemendum um að fara að gera eitthvað í þeim efnum. Það var upphafið en í kjölfarið,

eftir að umhverfisnefnd var sett á laggirnar, fór umhverfisnefndin í að skoða fleiri þætti sem mætti bæta í umhverfismálum skólans og var gátlistinn fylltur út sem fylgir verkefninu (sjá fylgiskjal 2, gátlistar). Umhverfisnefndin metur stöðu mála og hvernig markmið ganga.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið.

Umhverfisnefndin setti markmiðin eftir að hafa fyllt út gátlistann sem fylgir grænfána-verkefninu en einnig út frá ábendingum og umræðum nemenda og starfsfólks (sjá fylgiskjal 3, markmiðseyðublað-neysla og úrgangur)

Markmið 1: Flokkun á sorpi í plast, pappa, almennt, dósir/ flöskur og rafhlöður. Aðgerðir: Settar upp flokkunartunnur í allar kennslustofur (almennt sorp, plast, pappír, dósir/flöskur) og víðar. Skæri sett við vaska til að auðvelda hreinsun á fernum. Reynt að gera aðstaður þannig að hægt sé að flokka og þrifa án of mikillar fyrirhafnar. Upplýsa nemendur og starfsfólk um markmið. Umhverfisnefndin var ábyrg fyrir að markið næðist. Húsvörður og ræstiteymi sá um uppsetningu. Upsetning og aðstaða til að flokka gekk vel. Það tók smá tíma að fá nemendur og starfsfólk til að flokka rétt en með því að upplýsa og minna á flokkunina reglulega gekk það ágætlega. Almennt sorp minnkaði. Atferli nemenda og starfsfólks breyttist til batnaðar þegar leið á önnina.

Markmið 2: Upplýsa nemendur og starfsfólk um mikilvægi þess að flokka rétt, minnka úrgang og spara orku. Aðgerðir: Hvetja til flokkunar á jákvæðan hátt. Miðar settir fyrir ofan alla slökkvara um að munið að slökkva. Spjöld á þurrkurhlífar við vaska með hvatningu um að spara pappír. Auglýsingar á skólaskjái sem skipt er út reglulega þar sem hvatt er til flokkunar á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Umhverfisnefndin var ábyrg fyrir að markmið næðist og gekk það vel. Miðar með brosköllum og öðrum myndum voru sett upp sem hvöttu til að slökkva ljós og spara þurrkupappír. Keppni var sett í gang til að hvetja nemendur til að búa til auglýsingarnar. Áætlað er að hafa auglýsingar á skólaskjái gegnumgangandi þannig að það komi nýjar hvatningar á skjái reglulega. Sjá skólaskjá, <https://www.va.is/is/moya/tv>

Markmið 3: Skipta yfir í umhverfisvænar hreinlætisvörur, pappír og plastpoka. Aðgerðir: Kanna hjá birgjum úrval og kostnað af umhverfisvænum efnum, pappír og plastpokum. Skipta út hreinlætisvörum, pappír og plastpokum í áreiðanlegar umhverfisvænar vörur. Húsvörður, Björgúlfur Halldórsson, var ábyrgur fyrir markmiði. Hann kannaði stöðuna og upplýsti umhverfisnefnd um stöðu mála. Skólinn var nokkuð vel settur í þessum efnum en það sem uppá vantaði, aðallega hreinlætisvörur, var skipt út fyrir umhverfisvænni vörur og var tekið í notkun þegar það sem til var var uppuríð.

Markmið 4: Bæta við molttunnu til að minnka sorp sem fer í urðun.

Endurskipulagning á flokkunartunnum.

Aðgerðir: að fá moltutunnu við skólann. Setja upp ílát fyrir moltu innanhúss með hinum safnílátunum. Endurskipulagning á flokkunartunnum þ.e. minnka tunnu fyrir almennt sorp, stækka tunnu fyrir pappír, bæta við lítilli tunnu fyrir moltu. Fækka tunnum þ.e. fjarlægja úr stofum og hafa einungis frammi á göngum.

Húsvörður ásamt ræstingarteymi og umhverfisnefnd ábyrg fyrir markmiði. Markmið gekk vel og allt orðið klárt fyrir haustönn 2018.

Markmið 5: Halda fatamarkað, samhliða fyrirlestri Stefáns Gíslasonar um fataneyslu og fatasóun. Markmið var að þátttakendur yrðu meðvitaðir um fataneyslu og fatasóun.

Aðgerðir: Nemendur og kennari í vistfræði (LÍFF2VF05) voru með yfirumsjón með fatamarkaði. Öllum öðrum nemendum og starfsfólki var frjálst að vera með. Nemendur skipulöggðu og skiptu með sér verkum. Auglýstu og græjuðu föt á markaðinn ásamt því að græja fatamarkað.

Auglýsingar gengu vel. Auglýst var í skólanum, í verslunum í bænum og á samfélagsmiðlum. Austurfrett, fréttamiðill á austurlandi, hafði samband og kom grein í miðilinn um fatamarkaðinn. Sjá, <https://www.austurfrett.is/lifid/fatasoun-er-stort-vandamal-sem-var-dar-okkur-oll>

Mikið af fötum safnaðist á markað og gekk fatamarkaður vel. Náðist að safna fyrir vatnsdælu hjá UNICEF sem var að ósk nemenda. Afgangur af fötum var sett í rauða krossinn.

4. Eftirlit og endurmat:

Tekið var fyrir á fundum hvort og hvernig markmið næðust. Farið var yfir aðgerðaáætlun hvernig staðan væri, hvort eitthvað vantaði uppá eða þyrfti að breyta og voru viðeigandi ráðstafanir gerðar ef þyrfti. Umhverfisnefndin sá um eftirlit og endurmat.

5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámsskrá:

Fyrsta markmiðið var sett af stað m.a. vegna kröfu frá nemendum þar sem þeim fannst að stofnun sem væri að mennta ungmenni ætti að mennta og vera fordæmisgefandi í umhverfismálum. Nemendur í umhverfisnefnd hafa verið virkir í að koma markmiðinu áfram og fóru m.a. reglulega í kennslustofur og kynntu flokkun á sorpi fyrir öðrum nemendum og mikilvægi þess að flokka rétt í tunnum. Var það gert á hverri önn og eftir þörfum.

Annað markmið þar sem nemendur og starfsfólk voru hvött til að búa til skjámyndir á flettiskjá skólans. Skjámyndirnar áttu að sýna mikilvægi flokkunar og endurnýtingu á jákvæðan og skemmtilegan hátt.

Hugmyndin var að þarna gæti hugmyndaflug og listsköpun einstaklingsins fengið að njóta sín. Haldin var keppni þar sem nemendur og aðrir gátu sent inn hugmyndir.

<https://www.va.is/is/moya/tv>



Markmið fimm þar sem nemendur í vistfræði fengu það verkefni að vera með yfirumsjón í að skipuleggja og framkvæma fatamarkað. Markmiðið var að þátttakendur yrðu meðvitaðir um „fataneyslu“ og fatasóun. Allir nemendur skólans og aðrir bæjarbúar voru velkomnir að vera með, koma með föt og taka þátt í markaðnum. Fatamarkaðurinn var auglýstur í skólanum í verslunum bæjarins og einnig á



samfélagsmiðlum (facebook, Twitter, Instagram). Einnig var austurfrétt, fréttamiðill á austurlandi, með frétt um markaðinn, sjá <https://www.austurfrett.is/lifid/fatasoun-er-stort-vandamal-sem-var-dar-okkur-oll>

Nemendur ákváðu að allur ágóði af markaði færi til UNICEF Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og var safnað fyrir vatnsdælu. Það sem ekki gekk út af fötum var afhent Rauða krossinum.

Í tengslum við fatamarkaðinn voru opnir fyrirlestrar með Stefáni Gíslasyni umhverfisstjórnunar-fræðingi hjá Umhverfisráðgjöf Íslands um fatasóun þar sem farið var yfir umhverfisáhrifin sem fataframleiðsla hefur í för með sér og endurnýtingu á textílvörum. Nefndist erindið „Tvisvar í sömu fötunum – er það í lagi“.

Annað sem gert hefur verið í skólanum, og er ekki í markmiðum, er að hætt er að bjóða uppá einnota drykkjarumbúðir. Í staðinn er núna boðið uppá að kaupa ódýr fjölnota glös í nemendasjoppunni.



6. Kynning á stefnunni:

Grænfánaverkefnið var sett í gang á degi íslenskrar náttúru haustið 2016. Þá um haustið kom umhverfisfulltrúi frá Fjarðabyggð, Ólöf Vilbergsdóttir, í heimsókn og kynnti fyrir nemendum og starfsfólki VA flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu.

Á vorönn 2016 komu ungir umhverfissinnar og voru með kynningu fyrir nemendur um starfsemi samtakanna og af hverju umhverfismál koma okkur við.

Á Degi íslenskrar náttúru haustið 2017 tóku þrír hópar skólans sig saman (umhverfishópur, heilsueflandi framhaldsskóla hópur og listaakademíuhópur) og stóðu fyrir viðburði í tilefni dagsins og verkefnisins „Hjólum í skólann“. Nemendur og starfsfólk skólans voru hvött til þess að skilja einkabílinn eftir heima þennan dag og var það gert til að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum og umhverfisvænum ferðamáta. Listaakademía Verkmenntaskólans var svo með atriði á gervigrasvellinum þar plastnotkun og mengun plast í hafinu var túlkað.

Viðburðurinn var öllum opin og var auglýsur á samfélagsmiðlum.

FÖSTUDAGINN 15. SEPTEMBER
KLUKKAN 9:30 – 9:50

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru og verkefninu „Hjólum í skólann“ ætlum við í Verkmenntaskóla Austurlands að halda bíllausan dag föstudaginn 15. september.

Þannig viljum við vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum og umhverfisvænum ferðamáta.

Við hvetjum því alla nemendur og starfsfólk skólans til þess að skilja einkabílinn eftir heima þennan dag og fjölmenna á gervigrasvöllinn í löngu fríminútanum klukkan 9:30 – 9:50. Þar ætlar Listaakademía VA að vera með atriði í tilefni dagsins.



THIN SKIN

DANSHÓFJUDUR: SHEENRU YONG
SVIDSMYND: E. SPENCER AGOSTON

@BODYPORTALTHEATRE

Verkmenntaskóli Austurlands - www.va.is
14. september 2017

#íslensknáttúra #DIN
#bodyportaltheatre

Í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands voru í tengslum við fatamarkaðinn opnir fyrirlestrar með Stefáni Gíslasyni umhverfisstjórnunar-fræðingi hjá Umhverfisráðgjöf Íslands. Þar fór hann yfir umhverfisáhrifin sem fataframleiðsla hefur í för með sér og endurnýtingu á textílvörum. Nefndist erindið „Tvisvar í sömu fötunum – er það í lagi“.

Stefán hélt svo annað erindi um kvöldið sem nefndist „Plastið? – Rafbílnir? - Fatasóunin? Hvað get ég gert?“ Fyrirlestrarnir voru í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands sem stóð að fyrirlestrunum með styrk frá SÚN. Fyrirlestrarnir voru auglýstir með fatamarkaðnum og voru öllum opnir. Sjá, <https://www.va.is/is/skolatorg/frettir/fatamarkadur-va>

Á heimasíðu VA er tengill inn á grænfánaverkefnið. Verið er að vinna í að setja upplýsingar þar inn og er stefnan að þar verði allar upplýsingar um grænfánaverkefnið aðgengilegar. Sjá, <https://www.va.is/is/skolinn/skolar-a-graenni-grein>

7. Umhverfissáttmálinn:

Umhverfissáttmáli VA var unnin af fulltrúa í umhverfisnefnd. Unnið var út frá umhverfisstefnu VA sem finna má á heimasíðu skólans <https://www.va.is/is/skolinn/skolanamskra/aaetlanir-og-stefnur/umhverfisstefna>.

Textinn var stytur og aðlagður að áherslum verkefnisins. Tillaga að sáttmála var send á allt starfsfólk VA í byrjun haustannar 2018 til yfirlestrar og var óskað eftir athugasemdum. Útkoman er eftirfarandi umhverfissáttmáli.

„Rekstur VA er og skal vera eins vistvænn og kostur er. Ávallt skal efla skilning nemenda, starfsmanna og annarra sem að skólastarfinu koma á umhverfi sínu ásamt því að auka virðingu fyrir náttúru landsins, auðlindum þess, orkunýtingu og endurvinnslu. Stuðla skal að menntun til sjálfbærni og lýðheilsu með heilbrigði og forvarnir í fyrirrumi. Lýðræðisleg vinnubrögð skulu ávallt höfð að leiðarljósi í skólastarfi“.

Ekki er endanlega búið að samþykka sáttmálann en það verður tekið fyrir hjá umhverfisnefnd á fyrsta fundi haustannar 2018 þegar búið er að raða í nefndir hjá nemendafélaginu.

26. ágúst 2018, f.h. umhverfisnefndar

Gottur Guðmundsd.